

23. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 16. mars 2012, kl. 13:30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson formaður, , Jónína Magnúsdóttir, Aðalsteinn Arnarsson, Valgerður Ósk Einarsdóttir fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Atli Tómasson fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

## **Dagskrá:**

### **1 Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt með einni lítilsháttar breytingu.

### **2 Niðurstaða miðannarmats og samanburður við árið á undan**

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum miðannarmats og bar það saman við vorönn í fyrra. Miðannarmatið kom vel út og í flestum tilfellum var meðaleinkunn hærrí í ár en í fyrra.

### **3 Starfsbraut, breyting á skipulagi o.fl.**

Skólameistari gerði grein fyrir því að vinnan á starfsbrautinni hefði gengið vel. Hún greindi frá að nemendum kæmi til með að fjölga um einn næsta haust. Tveir nýir nemendur bætast við en einn útskrifast í vor. Þá upplýsti hún að hún hefði í hug að bæta við starfsmanni á starfsbraut sem væri sérmenntaður og gæti komið að stjórn brautarinnar. Á sama tíma er hugmyndin að auka starfshlutfall námsráðgjafa sem hefur í vetur stýrt starfsbrautinni í hlutastarfi með góðum árangri. Skólameistari telur fjárhag skólans leyfa þessa breytingu. Nefndin tekur vel í þessar hugmyndir.

### **4 Ársskýrsla skólans 2011**

Skólameistari kynnti drög að ársskýrslu skólans fyrir árið 2011 sem nú er verið að ljúka.

### **5 Umsókn um kennslu umhverfis- og auðlindabrautar**

Skólameistari gerði grein fyrir umsókn um kennslu umhverfis- og auðlindabrautar. Þar hefur skapast tækifæri til samstarfs við aðra framhaldsskóla. Starfsmaður skólans, Valgerður Ósk Einarsdóttir, tók þátt í vinnu við útfærslu áfangalýsinga. Ef umsóknin verður samþykkt mun skólinn taka þátt í verkefninu og fjarkenna vissa áfanga sem tilheyra brautinni.

### **6 Umsókn í Sprotasjóð vegna námskrárvinnu og verkefnis um samþættingu námsgreina**

Skólameistari sagði frá að tvær umsóknir hefðu farið frá skólanum í Sprotasjóð. Önnur er vegna námskrárvinnu og hin verkefnis um samþættingu námsgreina þar sem þemað er hetjur og skúrkar í bókmenntum og listum.

### **7 Húsnæðismál**

Skólameistari gerði grein fyrir því að nú hefði borist svar frá mennta- og menningamálaráðuneyti um að samþykkt hefði verið að fara í viðræður og samvinnu við Fjallabyggð um stækkun húsnæðis skólans (norðurálm). Lögð var fram teikning að húsnæðinu og gerð grein fyrir hugmyndum um breytingar og nýtingu þess.

### **8 Akstur vegna Dalvíkinga í skólanum**

Nú er ljóst að nemendum frá Dalvík mun fjölga í skólanum á næstu önn. Það liggur því fyrir að eitthvað verður að gera í að koma á föstum akstri sem nemendur geta nýtt sér. Í gangi er vinna á vegum sveitarfélaganna við Eyjafjörð sem varðar almenningssamgöngur á svæðinu. Bundnar eru vonir við að niðurstöður þeirrar vinnu geti leyst málið.

## 9. Önnur mál

### 9.1 Fjármál

Skólameistari gerði grein fyrir fjárhagsniðurstöðu síðasta árs. Á síðasta fundi lá ekki enn fyrir hver hún yrði.

### 9.2 Félagslíf nemenda

Jónína Magnúsdóttir lagði fram fyrirspurn um félagslíf nemenda og hvernig það gengi. Fulltrúi nemenda svaraði því til að erfitt hefði reynst að rífa upp félagslífið. Nemendur séu tregir til þátttöku. Þó tókst að lokum að halda árshátíð nemenda sem tókst með ágætum og þar var góð mæting.

### 9.3 Heimasíða skólans

Formaður kom því á framfæri að heimasíða skólans hefði tekið miklum stakkaskiptum og væri mun skemmtilegri á allan hátt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.50

Fundargerð ritaði

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir